

Tillaga
Afgreiðsla

A 1941/UHN
Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um að breiða út og styðja við heimaræktun á Norðurlöndum

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að breiða út og styðja við heimaræktun á Norðurlöndum með því að taka saman leiðbeiningar um heimaræktun sem tekur mið af loftslagsbeltum á Norðurlöndum

að hefjast handa við að velja tegundir í samvinnu við Norrænu erfðaaauðlindastofnunina, NordGen, með það fyrir augum að styðja við heimaræktun í ólíkum loftslagsbeltum

að efla norrænt samstarf um þróun grænna borgarsvæða sem stuðla að aukinni heimaræktun í borgum

Bakgrunnur

Baráttan gegn matarsóun er mikilvægur liður í þeirri baráttu að draga úr koldíoxíðslosun og auðlindasóun. Allt of miklum matvælum er hent jafnvel þótt þau séu ekki of gömul. Ástæðan er sú að margt fólk er svo fjarlægt matvælaframleiðslunni að það er ekki lengur í stakk búið til að meta hvort öruggt sé að neyta tiltekinna matvæla. Hluti af matarsóuninni á sér stað á framleiðslu- og flutningsstigi þegar framleiðandi tekur úr sölu vörur sem ekki standast væntingar neytanda og þegar vörur skemmast við flutning. Norðurlandaráð hefur þegar ráðist í aðgerðir til að breyta merkingum þannig að margar gerðir matvæla eru nú merktar sem „best fyrir en ekki ónýtt eftir“ til að hjálpa neytendum að nota vörur eins lengi og þær endast.

Með þessari tillögu viljum við stuðla að því að almenningur rækti eigin matvæli og komist þannig í nánari tengsl við matvælaframleiðsluna og sé betur í stakk búinn til að meta gæði matvæla. Margt fólk myndi öðlast náttúrulegri skilning á því hvernig ávextir og grænmeti lítur út og vilja til að nýta grænmeti og ávexti sem í dag eru flokkaðir frá í framleiðsluferlinu. Jafnframt myndi þetta draga úr þörfinni á því að flytja ávexti og grænmeti.

Innflutningur á grænmeti er kostnaðarsamur í mörgum hinum norrænu loftslagsbeltum og hefur í för með sér talsverða koldíoxíðslosun og mikla sóun. Hluta úr ári er þó hægt



að rækta grænmeti og ávexti, ef til vill í gróðurhúsum eða -bröggum, þökk sé hinu langa og bjarta sumri. Sumar jurtir þrífast betur en aðrar í köldu loftslagi.

Gott væri fyrir Norðurlandaráð að nýta þau miklu úrræði sem Norræna auðlindastofnunin býr yfir til að velja, rækta upp og gera tegundir aðgengilegar fyrir áhugasama með hliðsjón af því loftslagsbelti sem þeir búa í. Við sjáum einnig fyrir okkur að Norræna auðlindastofnunin gæti borið ábyrgð á því að taka saman ræktunarleiðbeiningarnar.

Þetta gerði jafnframt Norrænu auðlindastofnuninni kleift að skapa nýja tekjulind með því að auka notkun vefverslunar sinnar.

Sjónarmið nefndarinnar

Að frátöldum flokkahópi hægrimanna telur nefndin tillöguna aðkallandi og er kunnugt um ýmis norræn verkefni, svo sem World Garden við Norræna húsið í Reykjavík, sem sett var á laggirnar í samstarfi Norræna hússins, Norrænu auðlindastofnunarinnar og W.O.M.E.N. á Íslandi (Women Of Multicultural Ethnicity Network), um heimaræktun grænmetis, jurta og blóma. Auk þess eiga Norræna auðlindastofnunin og Grasagarður Reykjavíkur í samstarfi um kennsluverkefni sem felur í sér að leikskólar og grunnskólabekkir í Reykjavík fengu kennslupakka (m.a. fræ) frá Norrænu auðlindastofnuninni og ræktuðu grænmeti í skólastofum sínum.

Einnig hefur sýningarverkefni verið framkvæmt um ræktun sömu jurta við Norræna húsið og í Grasagarðinum og viðburðir og vinnustofur verið haldnar í tengslum við verkefnið „Sáum, sjáum og smökkum“. Þetta verkefni fellur undir áætlunina „Sjálfbær lífsstíll“. Nefndin veitir því athygli með mikilli ánægju að til stendur að breiða út þessi verkefni og reynslunni af þeim til hinna norrænu landanna.

Nefndin telur þróun og undirbúning grænna svæða í borgum einnig geta stuðlað að heimaræktun í borgum og stöðvað minnkun líffræðilegrar fjölbreytni, minnkað mengun andrúmsloftsins og bætt heilsu og velferð almennings.

Flokkahópur hægrimanna greiddi atkvæði gegn tillögunni á grundvelli þess að stjórnmalunum eru takmörk sett og heimaræktun er eitthvað sem fólk getur gert á eigin spýtur - án þess að stefnumörkunar á sviðinu sé þörf.

Það með var meirihluti fylgjandi því að samþykkja nefndarálitið um þingmannatillöguna.

Kaupmannahöfn, 5. september 2023

Johan Andersson (S)
Tove Elise Madland (A)

Bella Forsgrén (gröna)
Simon Holmström (HI)



Mats Wiking (S)
Per Husted (S)
Ola Elvestuen (V)
Rebecka Le Moine (MP)

Mariane Paviasen (IA)
Marianne Bigum (SF)
Staffan Eklöf (SD)
Himanshu Gulati (FrP)